

## 2. gr.

Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki öðlast því gildi hér á landi. Tilskipun þessi er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB - Sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 680 - 722.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1994.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um (1.) breytingu á fylgiskjali með reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins, nr. 244/1994.**

## 1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á fylgiskjali 1: Læknar:

a. Í stað gerðanna sem vísað er til í 1. og 2. tölulið (tilskipanir ráðsins 75/362/EBE og 75/363/EBE og breytingargerðir) komi eftirfarandi:

1. 393L0016: Tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi.

Þar fyrir neðan komi eftirfarandi á undan núverandi aðlögun:

Noregur skal, með undanþágu frá ákvæðum 30. gr. tilskipunar 93/16/EBE, eins og þau eru aðlöguð að því er þennan samning varðar, standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram eigi síðar en 1. janúar 1995 í stað gildistöku dags samningsins.

b. 3. töluliður verður 2. töluliður.

## 2. gr.

Tilskipun ráðsins 93/16/EBE sbr. a-lið 1. gr. hefur birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB - Sérstakri útgáfu: Bók 4, bls. 111 - 134.

## 3. gr.

Auglýsing þessi er birt með vísan til 2. málgr. 1. gr. reglugerðar nr. 244/1994 og öðlast gildi 1. júlí 1994.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1994.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Dögg Pálsdóttir.*